



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 27. maí 2021

2101025SA GB  
Málalykill: 00.63

### **Efni: Viðbótarumsögn um kosningalög, 339. mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 23. maí sl., þar sem kallað er eftir viðbrögðum við drögum að nefndaráli og breytingartillögum stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar við frumvarp til nýrra heildarlaga um kosningar.

Í fyrirbyggjandi drögum eru margar jákvæðar breytingar og er ljóst að tekið hefur verið tillit til margra af helstu ábendingum sveitarfélaga, svo sem um slit kjörfundar, stimplun kjörseðla og skipun landskjörstjórnar.

Að áli sambandsins hefði þó mátt ganga skemur í breytingum á frumvarpinu. Þær málamiðlanir sem gerðar hafa verið í nefndinni draga nokkuð kraftinn úr þeim umbótum og einföldun og fyrirkomulagi kosninga sem lagt var upp með við gerð frumvarpsins.

### **Um gildistöku frumvarpsins**

Í drögum að nefndaráli kemur fram að gert sé ráð fyrir að lögin taki gildi að fullu við framkvæmd sveitarstjórnarkosninga vorið 2022. Þó er gert ráð fyrir að rafræn kjörskrá verði innleidd í skrefum þannig að tilraunir verði gerðar í nokkrum sveitarfélögum við sveitarstjórnarkosningar 2022. Með þessu hefur verið komið til móts við ábendingar sambandsins.

### **Aðgengi að atkvæðagreiðslu utan kjörfundar**

Í drögum að nefndaráli er lagt til að skipaður verði starfshópur til að fjalla um fyrirkomulag utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Að áli sambandsins er tækifæri til að orða enn skýrar í nefndaráli að það sé skýrt markmið með fyrirhugaðri vinnu að tryggja jafnræði kjósenda varðandi aðgengi að utankjörfundaratkvæðagreiðslu, á sem hagkvæmastan hátt. Það er eindregin krafa af hálfu sveitarfélaga að framkvæmd hvað þetta varðar ráðist ekki af geðþótta sýslumanna heldur verði unnið út frá sömu viðmiðum um allt land hvað varðar aðgengi að þessari mikilvægu þjónustu við kjósendur. Er hvað þetta varðar tilefni til að gera athugasemd við eftirfarandi orðalag í drögum að nefndaráli:

*Þá leggur nefndin áherslu á að skyldur sýslumanns við kjósendur eru óháðar vilja/óska einstakra sveitarfélaga eða forstöðumanna stofnana....*

Sambandið telur þvert á móti afar mikilvægt að gott samstarf verði milli sveitarstjórna og sýslumanna um skipulag þessarar nærþjónustu og að í umræddu orðalagi felist óheppileg skilaboð sem ekki séu til þess fallin að stuðla að bættri framkvæmd.


Vert er að lokum að leggja áherslu á að vinna starfshóps á ekki að þurfa að taka langan tíma og þurfa línur að vera orðnar skýrar eigi síðar en í lok þessa árs, með tilliti til sveitarstjórnarkosninga sem fram fara í byrjun maí á næsta ári.

#### **Lokaorð**

Af hálfu sambandsins vísast jafnframt til ábendinga í umsögn Reykjavíkurborgar, þar sem gerðar eru ítarlegri athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs